



Reykjavík, 18. júní 2020

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgrata 7
101 Reykjavík
Málefnasvið: Samgöngu- og fjarskiptamál

Umsögn Orku heimilanna vegna draga að reglugerð um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða

Við teljum að brýnt sé að setja reglur sem tryggja lágmarks upplýsingaöryggi fyrirtækja sem eru mikilvæg fyrir Ísland. Við teljum hins vegar að raforkusölufyrirtæki sem ekki framleiðir rafmagn heldur á eingöngu í viðskiptum með rafmagn uppfylli ekki skilyrði laga nr. 78/2019 um að vera rekstraraðili nauðsynlegrar þjónustu skv. 3 gr.:

3. gr. Rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu.

Þjónusta rekstraraðila skv. 1. mgr. 2. gr. telst nauðsynleg í skilningi laga þessara að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- Þjónusta er nauðsynleg fyrir viðhald mikilvægrar samfélagslegrar og efnahagslegrar starfsemi,
- veiting þjónustu er háð net- og upplýsingakerfum og
- atvik hefðu verulega skerðandi áhrif á veitingu þjónustu.

Ráðherra skal í reglugerð mæla nánar fyrir um þjónustu sem telst nauðsynleg fyrir viðhald mikilvægrar samfélagslegrar og efnahagslegrar starfsemi í skilningi a-liðar 1. mgr.

Við mat á því hvort atvik hefðu verulega skerðandi áhrif í skilningi c-liðar 1. mgr. skal a.m.k. horft til fjölda notenda sem reiða sig á umrædda þjónustu, hvort rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu á öðrum sviðum reiði sig á umrædda þjónustu, mögulegra áhrifa atvika á efnahagslega og samfélagslega starfsemi eða almannaoöryggi, mögulegrar landfræðilegrar útbreiðslu áhrifa af atvikum, markaðshlutdeildar og mikilvægis samfelli í þjónustustigi, að teknu tilliti til varaleiða. Enn fremur skal tekið tillit til sjónarmiða sem sértæk kunna að vera fyrir ólík svið.

Þó starfsemi sölufyrirtækis liggi alveg niðri koma notendur til með að halda áfram að fá þjónustu og rafmagn. Þannig hlýst ekkert tjón af og raforkunotendur verða ekki fyrir skaða þó að starfsemi sölufyrirtækis stöðvist. Dreifiveitur eru ábyrgar fyrir afhendingu rafmagns sem fer fram óháð starfsemi sölufyrirtækis. Starfsemi sölufyrirtækja er því ekki nauðsynleg til að viðhalda mikilvægri samfélagslegri og efnahagslegri starfsemi og þar af leiðandi hefur atvik sem sölufyrirtæki verður fyrir ekki verulega skerðandi áhrif á veitingu þjónustu.

Komist löggjafinn hins vegar að því að raforkusölufyrirtæki heyri undir reglugerðina teljum við að gera verði áherslumun á því hversu stór fyrirtæki eru sem uppfylla skilyrðin og hversu mikilvæg starfsemin er fyrir þjóðina. Allir virðast vera settir undir sama hatt eftir að fyrirtæki

uppfylla skilyrði laganna og þurfa um leið að uppfylla ströngustu kröfur sem við fyrstu sýn virðist aðeins vera fær stórfyrirtækjum.

Það er einkennilegt hvernig í reglugerðinni er ákvarðað umfang fyrirtækja sem falla undir að vera mikilvægur innviður. Þetta er mjög breytilegt eftir geirum og jafnvel innan geira. Í reglugerðinni eru til dæmis fyrirtæki sem halda við mikilvægri samfélagslegri og efnahagslegri starfsemi skilgreind:


- Flugrekstraraðilar sem flytja meira en 25% flugfarþega til og frá landinu á ári.
- Flugrekstraraðilar sem flytja meira en 25% flugfraktar til og frá landinu á ári.
- Heilbrigðisfyrirtæki með 50 stöðugildi eða ávísar meira en 10.000 skömmtum af lyfseðilskyldum lyfjum.
- Rekstraraðilar með olú sem flytur eða geymir að lágmarki 100.000 tonn af olú árlega
- Vinnsluaðili sem rekur raforkuvirkjun með uppsett afl 50 MW eða meira.
- Vinnsluaðili sem rekur vindorkulund með uppsett afl 80 MW eða meira.
- **Aðilar sem eiga viðskipti með raforku og hafa fengið raforkusöluleyfi og fjöldi notenda fer yfir 1000.**

Við teljum að þarna sé um að ræða mikinn stærðarmun á fyrirtækjum. Sölufyrirtæki sem selur 1000 aðilum raforku getur verið með heildar veltu undir þremur milljónum króna. Þess vegna vekur ákvæðið sem miðar við 1000 notendur furðu okkar. Þess má geta að sölufyrirtæki með 999 notendum gæti verið að selja 90% allrar raforku á Íslandi og ekki talist til mikilvægra innviða samkvæmt þessari skilgreiningu. Þess vegna teljum við þetta viðmið um 1000 notendur ekki geta gengið og eðlilegra að miða við selt magn. Miðað við 80 MW uppsett afl í framleiðslu hjá vindorkuveri væri sambærileg orka 700 GWst sem væri hæfilegra viðmið fyrir sölufyrirtæki.

Starfsemi raforkusölufyrirtækja sem ekki stunda framleiðslu uppfyllir þannig ekki skilyrði laganna nr. 78/2019 um að vera rekstraraðili nauðsynlegrar þjónustu.

Virðingarfyllst,

Orka heimilanna



Bjarni Ingvær Jóhannsson
Framkvæmdastjóri



Loftur Már Sigurðsson
Sérfræðingur raforkuviðskipta